

Við ættum að biðjast afsökunar

Formaður félagsins Zion vinir Ísraels telur að Íslendingar ættu að biðjast afsökunar á framkomu stjórnvalda í garð gyðinga fyrir stríð. Þór Whitehead sagnfræðingi finnst mestu skipta að læra af sögunni.

GYÐINGAR „Mér myndist það mikil blessun fyrir íslenska þjóð ef við bæðumst afsökunar á framkomu íslenskra stjórnvalda gegn gyðingum á árunum fyrir stríð,“ segir Ólafur Jóhannesson, formaður félagsins Zion vinir Ísraels.

Hann segir að íslenska þjóðin þurfi samt ekki að hafa sektartilfinningu yfir þessu atburðum en finnst hjákátlegt að íslensk stjórnvöld hafi ekki íhugað afsökunarbeiðni fyrst hinn nýlátni páfi taldi sér skylt að biðja gyðinga opinberlega afsökunar á misgjörðum kirkjunnar í garð gyðinga í 2.000 ár.

Þór Whitehead sagnfræðingi sem rannsakað hefur þennan þátt í sögu Íslands hvað best finnst aftur á móti aðalatriðið að menn reyni að læra af sögunni frekar en að biðjast



BRESKIR HERMENN Í REYKJAVÍK EFTIR HERNÁM

Meðal þess sem kom í veg fyrir að fleiri gyðingum væri vísað frá Íslandi var hernám landsins í maí árið 1940. Þar voru Bretar á ferð.



ÓLAFUR JÓHANNESSON

Hjákátlegt að íslensk stjórnvöld hafi ekki íhugað afsökunarbeiðni fyrst páfi taldi sér skylt að biðja gyðinga afsökunar á misgjörðum kirkjunnar.

afsökunar á því sem gert var. „Athafnir eru mikilvægari en orð, það er ljóst að afsökunarbeiðni gerir ekkert til að bæta fyrir gjörðir manna frá fyrri tíð,“ segir Þór.

Hann segir mörg opinber skjöl sýna það ótvírætt að meginregla íslenskra stjórnvalda á þessum tíma var að hindra aðflutning útlendinga til landsins. Sérstaklega átti þetta við um gyðinga og var hundruðum þeirra neitað um landvistarleyfi hérlandis á fjórða áratug síðustu aldar og forsendurnar voru fyrst og fremst þær að þetta fólk tæki vinnu

frá Íslendingum og myndi aukin heldur spilla menningu okkar og kynstofni. „Niðurstaðan er sú að Íslendingar gengu harðar fram gegn gyðingum en nágrannaþjóðir okkar á þessum árum,“ segir Þór. Hann segir að við verðum þó að skoða þessi mál í ljósi tímans og átta okkur á því að þær ákvarðanir sem íslensk stjórnvöld tóku á þessum tíma megi ekki skoða sem dæmi um mannvönsku. Þær hafi verið teknar af bestu vitund með hag þjóðarinnar fyrir brjóst.

ssal@frettabladid.is